

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 14. júlí 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-34/2016.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 13. apríl 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að kaupunum verði rift og endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 18. maí 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust ekki. Neftndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 3. júlí 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 14. desember 2015 af seljanda en kaupverðið var 900.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Opel Astra, árgerð 2005, og hafði verið ekin 150.000 km. á kaupdegi.

Álitsbeiðandi kveðst hafa skoðað bifreiðina fyrir kaupin og hafa ekkert athugavert fundið við hana, enda hafi hún farið í gegnum lögbundna aðalskoðun án athugasemda 30. mars sama ár. Þegar álitsbeiðandi hafði átt bifreiðina í fjóra mánuði, þann 4. apríl 2016, hætti sjálfsskipting bifreiðarinnar að virka. Í kjölfarið fór álitsbeiðandi með bifreiðina í bilanagreiningu á verkstæði hjá Z þar sem í ljós kom að sjálfsskiptingin væri ónýt og var olía á sjálfsskiptingunni mjög dökk og brunnin að sögn skoðunaraðila. Stafaði það af því að ekki var búið að skipta um olíu á sjálfsskiptingunni eftir 60.000 km. líkt og gert er ráð fyrir að sé gert reglulega af hálfu framleiðanda. Til þess að vera fullviss um álit verkstæðisins fór álitsbeiðandi með bifreiðina til A, sem sérhæfa sig í viðgerðum á sjálfsskiptingum en þar var einnig komist að þeirri niðurstöðu að sjálfsskiptingin væri ónýt. Mat A á viðgerðarkostnaði er 447.470 krónur samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla við kaupin samkvæmt 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, enda hafi bifreiðin verið í verra ástandi en hann hafi haft ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Því til stuðnings bendir álitsbeiðandi á að hann hafi ekki getað séð umrædda galla við skoðun og bifreiðin hafi verið seld langt yfir markaðsverði, sem sé um 400.-500.000 krónur.

Álitsbeiðandi hafði samband við bílasöluna sem sá um kaupin og óskaði eftir að kaupunum yrði rift en seljandi hafnaði því. Krefst álitsbeiðandi þess fyrir kæruneftndinni að kaupunum verði rift á grundvelli 32. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup og honum verði endurgreiddar 922.134 krónur sem samsvarar kaupverði bifreiðarinnar og útlögðum kostnaði.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina MF-909 þann 14. desember 2015 af seljanda fyrir 900.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2005 og var því 10 ára og hafði verið ekin 150.000 km. á kaupdegi. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 14. desember 2015, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megji ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin; c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu neytanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin svari ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr., enda hefur nefndin engar forsendur fengið fyrir slíkri niðurstöðu. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. laganna, enda má ekki ráða af gögnum málsins að seljanda hafi verið kunnugt um ástand bifreiðarinnar. Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

Ekki er unnt að líta svo á að bifreiðin hafi verið seld á hærra verði en aðrar bifreiðar af umræddri tegund og árgerð líkt og álitsbeiðandi heldur fram. Þau gögn sem álitsbeiðandi leggur fram í málinu sýna söluauglýsingar vegna bifreiða af sömu tegund þar sem ásett verð

er rétt rúmlega 100.000 krónum lægra en álitsbeiðandi greiddi fyrir sína bifreið svo og áætlað verðmat bifreiðarinnar af vefsíðunni www.bgs.is. Verð á bifreiðum á þessum aldri getur verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana. Duga þessi atriði því ekki til þess að sýna fram á að verð bifreiðarinnar hafi verið óeðlilega hátt.

Ef tjón verður á söluhlut eftir áhættuskipti er litið á það sem galla og þar með vanefnd seljanda ef tjónið verður rakið til mistaka eða vanrækslu af hálfu seljanda, til að mynda slæmrar umhirðu. Í gögnum málsins má sjá mat bifreiðavirkja á að ástæða bilunarinnar sé vanræksla við viðhald á bifreiðinni þar sem hún hafi ekki verið smurð frá því hún var keyrð 60.000 km. Telur nefndin að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að bilun í bifreið álitsbeiðanda verði rakin til þess að bifreiðinni var ekki haldið við á æskilegan máta m.a. með smurningu.

Í kaupsamningi og afsali staðfesti álitsbeiðandi að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins en það gerði álitsbeiðandi ekki. Líkt og fram kemur í álitsbeiðni fór bifreiðin í ástandsskoðun um það bil níu mánuðum fyrir kaupin og kom ekkert í ljós í þeirri skoðun um að sjálfsskipting væri ekki í lagi. Sjálfsskiptingin bilaði svo um fjórum mánuðum eftir kaupin, þ.e. rúmlega ári eftir framangreinda skoðun. Við kaupin voru því liðnir níu mánuðir frá framangreindri skoðun en margt getur gerst í búnaði bifreiða á slíkum tíma. Æskilegast hefði því verið ef álitsbeiðandi hefði farið með bifreiðina í ástandsskoðun hjá óháðum aðila fyrir kaupin, enda var bifreiðin rúmlega 10 ára gömul sem gefur enn ríkara tilefni til ítarlegrar skoðunar. Mega kaupendur slíkra bifreiða iðulega búast við því að þurfa að standa straum af tilteknum kostnaði vegna viðhalds og viðgerða í ljósi aldurs þeirra og mikillar keyrslu. Einnig má ætla að álitsbeiðandi hafi mátt sjá af þjónustusögu bifreiðarinnar ef hún var raunverulega keyrð 90.000 km. án þess að fara í smurningu. Álitur kærunefndin að því sögðu að álitsbeiðandi hafi ekki uppfyllt rannsóknarskyldu sína.

Af öllu framangreindu virtu getur kærunefndin ekki fallist á að ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl. Er kröfu álitsbeiðanda um riftun kaupanna því hafnað. Álitsbeiðandi krefst einnig endurgreiðslu útlagðs kostnaðar og verður að líta á þá kröfu álitsbeiðanda sem skaðabótakröfu. Sú krafa er þó ekki studd neinum gögnum og ekki liggur fyrir á hverju sú fjárhæð byggist. Verður því einnig að hafna þeirri kröfu álitsbeiðanda. Engar aðrar kröfur hafa verið gerðar fyrir nefndinni.

## V

### Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson